



343. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 17. ágúst 2023 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Garðar Svansson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kári Mímisson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Valdimar Leó Friðriksson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSí.

Forföll: Daníel Jakobsson og Viðar Garðarsson.

#### Dagskrá:

##### 1. Frá skrifstofu

Andri Stefánsson framkvæmdastjóri skýrði frá því helsta úr starfi skrifstofu, sbr. samantekt sem lá fyrir fundinum.

##### 2. Formlegt boð IOC til ÍSí um þátttöku á ÓL 2024

Lagt fram formlegt boð Alþjóðaólympíunefndarinnar til ÍSí um þátttöku á Ólympíuleikunum í París 2024.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði varðandi undirbúning fyrir leikana.

##### 3. IOC 2023 Gender Equality, Diversity and Inclusion Champions verðlaunin

Lagðar fram upplýsingar um verðlaunin IOC 2023 Gender Equality, Diversity and Inclusion Champions. Öllum ólympíunefndum heims er boðið að tilnefna til verðlaunanna.

Framkvæmdastjóri fór yfir skilyrðin til verðlaunanna en einungis einn verður valinn til verðlauna úr hverri heimsálfu.

##### 4. Breytingar á alþjóðlegum íþróttaviðburðum

Forseti skýrði frá aðdragandanum að niðurfellingu Heimsstrandarleika ANOC og frestun ársþings ANOC í kjölfarið, einungis mánuði fyrir setningu leikanna.

Framkvæmdastjóri ræddi tilfærslur, frestanir og aflýsingar á alþjóðlegum íþróttaviðburðum á undanförunum árum og mögulegar ástæður þess. Einnig ræddi hann afstöðu þjóða til Rússa og Belarúsa gagnvart alþjóðlegum viðburðum. Enn er óljóst um þátttöku þeirra á Ólympíuleikunum í París. Afstaða Evrópuþjóða hefur leitt til þess að ýmis stórmót hafa færst til annarra heimsálfa og til A-Evrópu. Það hefur áhrif á kostnað og möguleika Evrópuþjóða og hefur í för með sér ójafnvægi í framkvæmd viðburða.

##### 5. Staða mála varðandi samþykkt Íþróttapings ÍSí um starfsstöðvar á landsvísu

Forseti skýrði frá stöðu mála. Hann og Jóhann Steinar Ingimundarson formaður UMFÍ hafa verið í samskiptum vegna málsins og einnig við ráðuneytið vegna þessa máls. Fundur hefur verið boðaður 12. september nk. með ráðuneytinu til frekari viðræðna.

Nokkrar umræður urðu um mál þetta.

## 6. Formannafundur ÍSí 2023

Samþykkt að Formannafundur ÍSí 2023 verði föstudaginn 24. nóvember nk. Staðsetning fundarins er í skoðun en fundurinn verður á höfuðborgarsvæðinu. Möguleg dagskrárefni rædd.

## 7. Heiðranir

Samþykkt að sæma Nuka Kleemann, fyrrverandi formann Grænlenka íþróttasambandsins, Gullmerki ÍSí. Nuka var formaður sambandsins í 20 ár en hann lét af formennsku í vor. Hann starfaði innan grænlenku íþróttahreyfingarinnar í um 40 ár og var m.a. formaður Taekwondosambands Grænlands um tíma. Heiðursviðurkenningin verður afhent á Nordic Sports Meeting 2023 sem haldinn verður á Grænlandi 30. ágúst til 3. september.

## 8. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 341. og 342. fundar framkvæmdastjórnar
- 3. fundar laganefndar ÍSí frá 10. júlí 2023. Staðfesting, athugasemdir og ábendingar varðandi breytingar á lögum KSÍ formlega bókaðar en þær voru staðfestar með rafrænum hætti í júlímánuði.

## 9. Viðburðir fram undan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og mönnun þeirra.

## 10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næstu fundir framkvæmdastjórnar fram að áramótum eru áætlaðir 21. september, 26. október, 23. nóvember og 7. desember. Verið er að finna dagsetningu sem hentar fyrir vinnufund stjórnar í september.

## 11. Önnur mál

### *Málþing Hinsegin daga*

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skýrði frá málþingi Hinsegin daga en hún átti sæti í pallumræðum á málþinginu, fyrir hönd ÍSí. Lang besta mætingin var á umræður um íþróttaleg málefni. Mikið var rætt um hinsegin fólk innan íþróttastarfs og um hatursumræðu sem hefur aukist mikið undanfarið, bæði gegn jaðarhópum sem og almennt í þjóðfélaginu. Kolbrún Hrund sagði bakslag í málefnum hinsegin fólks og trans fólks vera umtalsvert.

Hún sagði mikilvægt að ÍSí skoðaði vel hvað hægt sé að gera í íþróttahreyfingunni til að spyrna á móti þessari þróun og í fræðslu- og forvarnarskyni gegn fordómum og útilokun. Umræður urðu um málið.

### *Samskiptaráðgjafi, viðbragðsáætlanir og fatlað íþróttafólk*

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir ræddi viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs með hliðsjón af fötluðum einstaklingum í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri funda með samskiptaráðgjafa í fyrramálið og mun Kolbrún Hrund slást í hópinn.

### *Námskeið fyrir íþróttafélög*

Úlfur H. Hróbjartsson ræddi hugmynd að fræðslunámskeiðum fyrir íþróttafélög. Sagði hann nauðsynlegt að efla fræðslu til eininga innan ÍSÍ um fjölbreytileg málefni.

### *Ólympíuhópurinn*

Hjördís Guðmundsdóttir skýrði frá því að búið er að velja Ólympíuhópinn fyrir Ólympíuleikana í París og unnið er að undirbúningi kynningar fyrir fjölmiðla.

### *EYOF í Maribor*

Valdimar Leó Friðriksson skýrði frá veru sinni á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) sem fram fór í Maribor í júlí, sem fulltrúi framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Var hann ánægður með verkefnið og sagði fararstjóra hafa staðið sig vel. Hann hrósaði Líneyju Rut, meðstjórnanda í stjórn EOC og formanni EOC EYOF Commission, fyrir hennar hlutverk á hátíðinni og sagði hana sýnilega mjög virta alþjóðlega.

Framkvæmdastjóri sagði íslenska hópinn hafa staðið sig með sóma í ferðinni.

### *Sumargjöf til Heiðursfélaga ÍSÍ*

Heiðursfélagar ÍSÍ hafa allir fengið sendan léttan bakpoka með ÍSÍ merkinu í sumargjöf frá sambandinu. Með gjöfinni var sent bréf með hlýjum kveðjum frá ÍSÍ og upplýsingum um helstu verkefni sem framundan eru.

### *Skipunarbréf til vinnuhópa*

Óskað verður eftir tilnefningum frá sambandsaðilum ÍSÍ í nokkra vinnuhópa sem starfa munu á milli þinga. Gert er ráð fyrir því að hægt verði að skipa í þá hópa á næsta fundi stjórnar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari